

Staða lífeyrisþega – fundur með Velferðarvaktinni 11.júní 2010.

Staðan fyrir hrun:

Árin fyrir hrun einkenndust af þenslu á vinnumarkaði og í þjóðfélaginu, s.k. góðæri þar sem ríkisútgjöld voru aukin á ákveðnum þóttum, þó ekki í sama mæli í þjónustu við fatlað fólk og annars staðar. Skattar voru lækkaðir og tekjur ríkisins minnkuðu í samræmi við það.

Áhrif á þjónustu við fatlað fólk voru þau að á fjárlögum árin fyrir hrun var ekki gert ráð fyrir eðlilegri uppbyggingu eða kostnaði í samræmi við þörf. Það fól í sér að ekki var gert ráð fyrir eðlilegri nýliðun í þjónustu þrátt fyrir fjölgun fatlaðs fólks í ljósi fjölgunar þjóðar. Engin áætlun um uppbyggingu búsetuþjónustu var við lýði frá 2005. Þá var ekki gert ráð fyrir kostnaði í tengslum við aukna þjónustuþörf í tengslum við nýjar áherslur. „Það má ekki auka á þensluna“ var viðkvæðið þegar hagsmunasamtök gerðu athugasemdir. Afleiðingin varð sú að aukinn fjöldi fólks fékk þjónustu fyrir sama fjármagn. Því fylgdi minni þjónusta fyrir fleira fólk og lítill sveigjanleiki. Þá jókst bið eftir nauðsynlegri þjónustu.

Athyglisvert er að sjá að stjórnvöld ákváðu að setja aukið fjármagn til Greiningar – og ráðgjafarstöðvar ríkisins til að vinna á biðlistum við stöðina. Hins vegar var ekkert fjármagn sett til þjónustu við þau börn sem greindust fötluð en þeim fjölgaði þegar kraftur var settur í greiningarferlið.

Benda má á að fyrir kosningar 2007 sögðu bæði forsætisráðherra Geir H Haarde og fjármálaráðherra Árni Mathiesen að tími væri kominn á velferðaráherslur, þeir sáu að staða velferðarþjónustunnar var slæm.

Árin fyrir hrun voru því slæm fyrir þessa þjónustu og staðan slæm þegar allt fór á hliðina. Fatlað fólk naut ekki hins s.k. góðæris en leið í reynd fyrir það ástand.

Við hrúnið lagði Jóhanna Sigurðardóttir páverandi félagsmálaráðherra áherslu á að ekki yrði skorin niður þjónusta við fatlað fólk. Hún hafði þá áttað sig á hver staðan raunverulega var í málaflokknum og að þessi þjónusta var illa sett. Árið 2009 var því ekki neinn niðurskurður og sett fjármagn til nokkurra nýrra þjónustuúrræða. Þá voru bætur þeirra sem verst voru staddir hækkaðar sem nam verðlagsbreytingum og sett framfærslutrygging.

2010 var þjónusta við fatlað fólk skorin niður um 2,7% og ekkert fjármagn sett til nýliðunar í þjónustu sem þýðir í reynd meiri niðurskurð en talan vitnar um. Gera má ráð fyrir að nýliðun sé um 30-40 manns á ári ef tekið er mið af umönnunarmati ungmenna. Þessi niðurskurður hefur bein áhrif á fólk sem þarfnast þjónustu til að geta lifað eðlilegu lífi.

2011 er gert ráð fyrir sparnaðarkröfu um 5% og auðvitað ekki horft til nýliðunar. Afleiðingin verður óhjákvæmilega verri þjónusta.

Hvaða þjónustu er um að ræða ?

Þjónusta við fatlað fólk er grunnþjónusta í daglegu lífi, veitt fólki sem vegna fötlunar sinnar þarfnast aðstoðar til að geta lifað eðlilegu lífi. Hún er veitt skv. lögum um málefni fatlaðra sem eru réttindalög og eiga að tryggja fólki nauðsynlega þjónustu.

Lög um málefni fatlaðra:

„Markmið þessara laga er að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi.“

Stoðþjónusta við fjölskyldur fatlaðra barna:

Stuðningsfjölskyldur, skammtímavistun

Nauðsynleg þjónusta til að minnka álag á fjölskyldur og styðja þær í erfiðu uppeldishlutverki

Lengd viðvera eftir skóla allan grunnskólann og í framhaldsskólum

Nauðsynleg þjónusta í nútíma samfélagi þar sem foreldrar eru báðir útivinnandi

Fjármagn til þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra hefur ekki fylgt aukinni áherslu á greiningar. Á höfuðborgarsvæðinu er löng bið eftir stuðningsúrræðum. Hvaða gagn er af öllum þessum greiningum ef þjónusta á ekki að fylgja í kjölfarið ?

Hagkvæmt er að styðja við fjölskyldur fatlaðra barna. Það heldur foreldrum á vinnumarkaði og styður við heilbrigði fjölskyldnanna. Hagkvæmt fyrir samfélagið sem heild sem nýtur krafta þessara fjölskyldna sem hafa miklu að miðla.

Umönnunarbætur – niðurskurður um 18% á fjárlögum 2010 en óljóst með framkvæmd. Tilkoma umönnunarbóta varð til þess að vistun fatlaðra barna á Íslandi er með því minnsta sem þekkt í heiminum, varasamt að skerða þær verulega því stofnanaúrræði eru mun dýrari og verri kostur fyrir bæði fjölskyldur og samfélag.

Fullorðið fatlað fólk

Stoðþjónusta – þjónusta í daglegu lífi - búseta, frístundir, atvinna

Búsetuþjónusta

Atvinna – dagþjónusta

Þjónusta sem miðar að því að fullorðið fatlað fólk geti lifað eðlilegu lífi. Grunnþjónusta sem tekur til allra athafna lífsins.

Þróunin hefur verið sú að fleiri fá þjónustu fyrir minna fjármagn sem felur í sér minni og lélegri þjónustu. Það verður lítil þróun við slíkar aðstæður.

Skerðingar þýða eingöngu að fjölskyldur þessa fólks þarf að taka yfir aðstoðina og við förum aftur til þess tíma þegar mæður fatlaðs fólks öxluðu þessa ábyrgð. Slíkt afturhvarf er ekki sérlega jafnréttislegt og í litlu samræmi við kynjuð fjárlög eða norræna velferð

Reyndin er sú að nú eru að verða til gamaldags þjónustuúrræði sem ættu að heyra sögunni til en vegna skortsástands verða til á ný. Tilhneiging er til að íbúum sé fjölgað á sambýlum og fleiri slíkar leiðir skoðaðar. Slíkt gengur gegn nútíma hugmyndafræði í þjónustu við fatlað fólk og er varasöm þróun. Ástæða er til að hafa áhyggjur af gæðum þjónustunnar við núverandi aðstæður.

Hvar er staðan verst ?

Höfuðborgarsvæðið – Reykjavík og nágrenni

Reykjanes svæðið verst sett – þ.e. Reykjanes og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavík

84 einstaklingar eru í þörf fyrir búsetuþjónustu á því svæði en fá ekki, 185 manns alls á landinu öllu í október 2009

Mikil fjölgun íbúa og hlutfallsleg aukning fatlaðs fólks, barna og fullorðinna

Ekki orðið aukning á fjárlögum í samræmi við aukinn fjölda og þjónustuþörf

Ríkisþjónusta – lítill þrýstingur annarra en hagsmunasamtaka sem tala fyrir daufum eyrum

Dreifbýli – betri staða

Staðan í búsetuþjónustunni almennt betri, styttri biðlistar

Nærbyli – aukinn þrýstingur frá umhverfinu

Þjónustusamningar um þjónustu við fatlað fólk á nokkrum svæðum á landinu – þar kemur uppbygging inn jafnóðum

Hvaða þjónustu má ekki skerða?

Grunnþjónustu við fatlað fólk sem miðar að því að fólk geti lifað eðlilegu lífi

Stoðþjónustu við fjölskyldur fatlaðra barna – miðar að því að fötluð börn geti alist upp með fjölskyldum sínum

Í reynd öll þjónusta við fatlað fólk

Þjónustan víða ekki nógu góð vegna langvarandi fjárskorts

Í þessum geira eru engin fitulög lengur og fyrir löngu farið að skerða rétt fólks til eðlilegs lífs og mannréttindi fatlaðs fólks. Þetta vita allir sem vilja vita. Brýnt að stjórnámálamenn taki ábyrgð á þeirri stöðu og taki ákvarðanir í samræmi við það.

Norræn velferð: Ísland stendur sig ágætlega í norrænum samanburði þegar litið er til heilbrigðisþjónustu og menntunar. Útgjöld til örorku og fötlunar eru hins vegar lægri en á hinum norðurlöndunum og kúnstfeill að skera niður í þeim geira ef menn vilja skapa hér samfélag sem leggur til grundvallar norræna velferð.

Þegar horft er til útgjalda ríkisins eru flest ef ekki öll kerfi betur sett en grunnþjónusta við fatlað fólk og því grátlegt að sú þjónusta sé skorin niður og í reynd óskiljanlegt. Við eigum ekki að þurfa að bera á borð hörmungarsögur af fólki til að fá samúð til að menn skilji þetta.

Framsaga á fundi með Velferðarvaktinni 11.júní 2010

Gerður A. Árnadóttir formaður Landssamtakanna Proskahjálpar